

Alþingi
Erindi nr. P 138/768
komudagur 15. 12. 2009

14.12.2009
Fjármálaráðuneytið

Svör við eftirfarandi spurningum efnahags- og skattanefndar

1. Mál nr. 256 (tekjuöflun ríkissjóðs)

1.1 2. gr. - skattlagning gengishagnaðar. Beðið er um nákvæma útlistun á því hvernig reglan virkar í framkvæmd, þ.e. hvernig er gengishagnaður fundinn (sýnidæmi um mann sem hefur átt tvo gjaldeyrisreikninga í nokkur ár og tekur öðru hverju út af þeim)?

Svar: Sjá svar frá RSK. Ráðuneytið er sammála þeirri tillögu sem þar kemur fram.

1.2 3. gr. - skattlagning arðs sem launatekjur. Er að mati RSK hægt að ná sömu markmiðum með því að skilyrða reglur um reiknað endurgjald með hliðsjón af úthlutuðum arði? Sérstaklega er beðið um viðbrögð við athugasemdum SA og endurskoðunarfyrtækja?

Svar: Að mati ráðuneytisins er unnt að ná tilætluðum markmiðum frumvarpsins með fleiri en einni aðferð. Sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu er eins og fram kemur í svari RSK talin vera vel framkvæmanleg á grundvelli þeirra upplýsinga sem á annað borð liggja fyrir hjá skattfyrvöldum. Jafnframt má segja að með henni sé gætt ákveðins jafnræðis milli fyrirtækja, óháð stærð og umfangi, þ.e. gengið er út frá því að ávöxtun eigin fjár í formi arðs að tilteknu hámarki sé sú sama hjá öllum lögaðilum, en það sem umfram er skiptist jafnt milli launa og arðgreiðslna. Að öðru leyti er vísað til svars frá RSK.

1.3 4. gr. - skattlagning tekna af afleiðum. Beðið er um viðbrögð við athugasemdum í umsögn SkattVís og PriceWaterhouseCoopers.

Svar: Hér vill ráðuneytið aðeins árétta þá grundvallarreglu sem liggur að baki tillögu frumvarpsins að afleiðusamningur er eins og hvert annað skuldabréf sem eðlilegt er að beri ávöxtun í formi vaxta, en ekki arðs. Að öðru leyti er vísað til svars frá RSK.

1.4 5. gr. - framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda. Er hægt að útfæra þessa reglu þannig að hámarksframlag verði einskorðað við séreignarsparnað og þá hvernig?

Svar: Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er tilgangur tillögunnar sá að setja skorður við óeðlilega háum iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða án beinna tengsla við eðlilega réttindaávinnslu. Vel kemur til greina að skoða þá útfærslu að það framlag sem veitir rétt til skattfrestunar sé ávallt a.m.k. 12% (samanlagður hluti atvinnurekanda og launþega) að viðbættum X milljónum króna til öflunar skyldubundinna réttinda launþega eða séreignar, þó ekki lægri fjárhæð en kann að vera kveðið á um í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga. Að öðru leyti er vísað til svars RSK.

1.5 11. gr. - Beðið er um viðbrögð við athugasemdum SA og endurskoðunarfyrtækja?

Svar: Sjá svar frá RSK.

1.6 12. gr. - Beðið er um viðbrögð RSK við athugasemdum PriceWaterhouseCoopers.

Svar: Sjá svar frá RSK.

1.7 17. gr. - Beðið er um viðbrögð RSK við athugasemdum SA og endurskoðunarfyrirtækja?

Svar: Sjá svar frá RSK.

1.8 21. gr. - Beðið er um viðbrögð við athugasemdum SkattVís, PriceWaterhouseCoopers og Viðskiptaráðs?

Svar: Hér þarf að hafa í huga að þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæði 101. gr. tekjuskattslaga taka mið af frumvarpi því sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi um sameiningu skattumdæma (pskj. 251, 226. mál). Í því frumvarpi eru lagðar til breytingar á 101. gr. tekjuskattslaga þar sem fellt er niður hið viðtæka leiðbeiningar- og samræmingarhlutverk ríkisskattstjóra gagnvart skattstjórum.

Samkvæmt núgildandi 3. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga er ríkisskattstjóra heimilt að taka upp ákvarðanir skattstjóra telji hann ástæðu til. Um getur verið að ræða ákvarðanir til hækkunar og til lækkunar að beiðni gjaldanda. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirsattanefndar. Þannig hefur gjaldandi réttur eingöngu heimilað skattaðila að kæra breytingar ríkisskattstjóra en ekki synjanir. Verði frumvarp um sameiningu skattumdæma að lögum verður ekki hægt að kæra ákvarðanir skattstjóra til ríkisskattstjóra sem æðra stjórnvalds. Einungis verður um að ræða eitt stjórnsýslustig, þ.e. ríkisskattstjóra. Hafni ríkisskattstjóri erindi gjaldanda er sú ákvörðun endanleg en breytingar sæta eftir sem áður kæru til yfirsattanefndar. Skattaðila gefst ætíð kostur á að krefjast endurákvörðunar máls samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Heimild skattyfirvalda til endurákvörðunar skatts nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram, sbr. 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga. Í því sambandi þykir rétt að setja sömu tímamörk varðandi skattaðila. Upp hafa komið dæmi þar sem skattaðili hefur talið sig eiga óskerðanlegan rétt til endurupptöku og farið fram á leiðréttingu langt aftur í tímann vegna óverulegra fjárhæða og hagsmuna.

Hér vegast annars vegar á hagsmunir skattaðila til að fá álagðan skatt endurákvörðaðan óendanlega langt aftur í tímann og hins vegar krafan um fljóta og skilvirka afgreiðslu skattyfirvalda. Kröfur er varða óverulegar fjárhæðir geta kostað skattyfirvöld verulegt fjármagn í formi tíma og fyrirhafnar sem er í engu samræmi við endanlega útkomu. Við sameiningu skattumdæma má búast við auknu álagi og því eðlilegt að setja það skilyrði að um verulega hagsmuni sé að ræða samkvæmt hlutlægu mati ríkisskattstjóra. Í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið væri e.t.v. heppilegra að ríkisskattstjóri setti sér verklagsreglur er varða hlutlægt mat í ofangreindum tilvikum.